

AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Kjóstaðir II í Biskupstungum.

Deiliskipulagið nær yfir 9.490 m² svæði þar sem heimilt er að reisa 10 um 30 m² tjöld, svokölluð yurts, sem verða nýtt til útleigu fyrir ferðamenn. Einnig er heimilt að reisa á þar til afmörkuðum byggingarreit allt að 50 m² hús fyrir salernisaðstöðu og sturtur en engin salernisaðstaða er í tjöldunum sjálfum.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. maí 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. október 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. nóvember 2018